



Heilbrigðisráðuneytið  
b.t. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar  
heilbrigðisráðherra  
Vegmúla 3  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. júní 2008  
Tilvísun: UB 0708/8.3.3

***Efni: Talþjálfun fyrir börn.***

Frá því að undirrituð var skipuð umboðsmaður barna hefur reglulega borið á athugasemdum vegna talþjálfunar fyrir börn. Nú er svo komið að mjög fáir talkennarar og talmeinafræðingar eru með samning við Tryggingastofnun ríkisins, eða samtals fimm skv. upplýsingum sem undirrituð fann á heimasíðu Tryggingastofnunar. Umboðsmaður barna hefur fengið ítrekaðar athugasemdir frá foreldrum og öðrum aðilum vegna aukinnar greiðslubirgði vegna talþjálfunar barnanna og margir sem treysta sér ekki til að halda áfram með að kaupa þessa þjónustu vegna aukins kostnaðar. Umboðsmaður barna hefur áhyggjur af þessari þróun og sér ekki ennþá fyrir endann á henni. Hætta er á því að börn í efnaminni fjölskyldum verði enn frekar af þessari þjónustu.

Í þessu sambandi vill umboðsmaður barna benda á 24. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem segir:

*Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og aðstöðu til læknismeðferðar og endurhæfingar. Aðildarríki skulu kappkosta að tryggja að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu.*

Í 2. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna stendur eftirfarandi:

Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða

annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðhátta eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.

Ísland er skuldbundið að þjóðarétti til að virða og uppfylla ákvæði samningsins. Í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar segir jafnframt: „*Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.*”

Umboðsmaður barna vill benda á mikilvægi þess að mál þessi verði komið í betri farveg. Ekki þarf að orðlengja um mikilvægi þess að börn sem eiga við einhvers konar tal- eða málörðugleika fái viðeigandi stuðning fljótt og örugglega. Börn á ekki að setja í þá stöðu að þau fái ekki þá þjónustu sem þau hafa þörf fyrir af því að kostnaðurinn reynist forráðamönnum barnanna ofviða.

Virðingarfyllt,

---

Margrét María Sigurðardóttir  
umboðsmaður barna